



Ísafjarðarbær
Jóhann Birkir Helgason,
Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Minjastofnun
Íslands

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300, Bréfsími: 570 1301
www.minjastofnun.is

Reykjavík 10. nóvember 2014
Fvr 2014100051 /KM

Efni: Mjósund, Skutulsfirði, Ísafjarðarbæ.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf sviðsstjóra umhverfis- og eignarsviðs Ísafjarðarbæjar frá 7. okt. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um deiliskipulagslýsingu fyrir Mjósund á Ísafirði.

Eins og fram kemur í deiliskipulagslýsingu hefur verið gerð húskönnun á svæðinu og eru sex hús þar sem byggð eru á arunum 1816-1920. Svæðið tilheyrir því sem kallað er Miðkaupstaður. Sérstök áhersla verður lögð á varðveislu friðaðra húsa og gömlu götumyndarinnar.

Árið 2002 kom út skýrsla Náttúrustofu Vestfjarða, *Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ, I. Hluti, Eyrarhreppur hinn forni, svæðisskráning og adalskráning*. Skráningin nær m.a. yfir það skipulagssvæði sem hér er til umræðu. Skráningin er þó ekki nákvæm enda ekki um svokallaða deiliskráningu að ræða. Auk húsa sem skráð eru kemur fram í skráningarskýrslunni að heimildir eru til um að á svæðinu hafi verið sölbubúð frá 1816 á lóðinni Aðalstræti 12 en að hún sé löngu horfin. Þá segir að í Neðsta- og Hæstakaupstað megi búast við að fornleifar leynist undir sverði.

Í skipulagslýsingu er greint frá því að neðri hluti skipulagssvæðisins sé landfylling frá seinni hluta 20. aldar og að þó mögulegt sé að fornleifar leynist í jörðu á svæðinu séu mestar líkur á að þær hafi orðið fyrir mikilli röskun vegna ýmissa framkvæmda í gegnum tíðina. Minjastofnun Íslands telur engu að síður mikilvægt að aðgát verði höfð við jarðrask í kringum friðuð hús á svæðinu og þar sem vitað er að eitt sinn stóðu mannvirki og að stofnunin verði látin vita ef fornleifar koma í ljós við framkvæmdir á svæðinu, sbr. 24. gr. laga um menningarmínjar (Nr. 80/2012).

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun.